

Því dæmist rjett vera:

Úrskurðurinn 5. maí þ. á. skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og dómurinn í því ómerkt vera. Undirdómaranum ber að taka málið fyrir af nýju til nýrrar og löglegri meðferðar frá því stigi, er málið var á, er úrskurðurinn var uppkveðinn, og veita áfrýjanda hæfilegan frest í umbednu augnamiði. Stefndi M. Á. Matthiesen greiði áfrýjanda Indriða Einarssyni 10 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 14. nóvembermánaðar.

Nr. 33/1898: Hannes Thorsteinson fyrir hönd  
Jörgen Petersen & Co.  
gegn  
Rafni Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 28. aprílmánaðar þ. á., var hinn stefndi, skósmiður Rafn Sigurðsson í Reykjavík, dæmdur til þess að greiða áfrýjanda, cand. jur. Hannesi Thorsteinson fyrir hönd verzlunarfelagsins Jörgen Petersen & Co. í Kaupmannahöfn, verzlunarviðskiptaskuld að upphæð 214 kr. 21 e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Hannes Thorsteinson fyrir hönd

nefnds verzlunarfjelags áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 9. júlí þ. á., og hefur hann krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, skósmiður Rafn Sigurðsson, krafðist þess fyrst, að máli þessu yrði frávísað, en er kröfu þessari hafði verið hrundið með úrskurði rjettarins, gjörði hann þá kröfu í yfirdóminum hinn 3. okt. þ. á., að því er aðalefni málsins snertir, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann (stefndi) verði að eins dæmdur til að greiða áfrýjanda 116 kr. 7 a., og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu. Jafnframt lagði stefndi fram áfrýjunarstefnu í málinu, sem hafði verið tekin út 7. júní þ. á., var birt áfrýjanda 22. s. m. og átti að falla í rjett 31. október þ. á. Málið var síðan tekið undir dóm hinn 10. oktbr. þ. á., eptir að áfrýjandi hafði lýst því yfir í rjettinum, að hann ekki mætti eptir þessari stefnu hins stefnda. Með því að hinn stefndi þannig eigi hefur löglega gagnáfrýjað sök þeirri, sem áfrýjandi hefur lagt undir dóm yfirrjettarins með stefnunni frá 9. júlí þ. á., og þar sem eigi er ástæða til ex officio að hrinda hinum áfrýjaða dómi, verður að staðfesta hann eptir kröfu áfrýjanda. Eptir þessum úrslitum málsins, og með því að álita má, að stefndi hafi gefið tilefni til áfrýjunarinnar, getur hann eigi komizt hjá því að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Rafn Sigurðson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Jörgen Petersen & Co. 25 kr. sem málskostnað fyrir yfir dómi.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 5. desembermánaðar.

Nr. 42/1898:

Rjettvísinn

gegn

Magnúsi Manelíusi Brynjólfssyni  
og Katarínusi Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu, upp-  
kveðnum 3. maímán. þ. á., voru hinir ákærðu  
Magnús Manelíus Brynjólfsson og Katarínus Jóns-  
son dæmdir til retsingar, hinn fyrnefndi fyrir að  
hafa gefið ranga skýrslu fyrir rjetti í 3×5 daga  
fangelsi við vatn og braud, og hinn síðarnefndi til  
að sæta einföldu fangelsi í 1 mánuð fyrir að hafa  
með fortölum sínum fengið meðákærða Magnús og  
annan mann, sem eigi sætir ákæru fyrir yfirdómi  
í sök þessari, til að gefa ranga skýrslu fyrir  
rjetti.

Með dóminum voru hinir ákærðu skyldaðir  
til þess að greiða allan kostnað sakarinnar in so-  
lidum fyrir undirrjetti og sjerstaklega var hinn